



# NORÐURÞING

KETILSBRAUT 7-9 • 640 HÚSAVÍK

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

Húsavík, 11. júní 2012  
nr. erindis 201009108


Efni: Sjávarútvegsráðuneyti, úthlutun byggðakvóta

Fyrir bæjarráði liggur svarbréf sjávarútvegsráðuneytisins á tillögum sveitarfélagsins á sérreglum vegna byggðakvótaúthlutunar fiskveiðiársins 2011/2012. Fram kemur í bréfi ráðuneytisins að ekki sé málefnaleg og staðbundinn ástæða fyrir því að breyta c-lið 1. greinar reglugerðarinnar á þann veg sem sveitarfélagið óskaði. Ráðuneytið leggur því til að 1. grein reglugerðarinnar nr. 1182/2011 standi óbreytt. Fram kemur í bréfi ráðuneytisins að það geti fallist á ósk Norðurþings um breytingu á 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar á þann hátt að þar verði orðinu "byggðarlagi" breytt í "sveitarfélagi" í setningunni "Afli af fiskiskipum sem landað er í byggðarlagi af bátum sem ekki eru skráðir ..... og svo frv." Ráðuneytið getur jafnframt samþykkt ósk (Breyting eitt) Norðurþings um að breyta 1. másl. 6 gr. þar sem segir "Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga ...." í "Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan sveitarfélagsins ...." en ráðuneytið getur ekki samþykkt ósk (Breyting tvö) Norðurþings um breytingu á 3. másl. 1. mgr. 6. gr. um að ekki megi flytja meira aflamark frá skipi en til þess þegar afhending aflmarks á sér stað. Ráðuneytið óskar eftir nýjum tillögum Norðurþings hið fyrsta um leið og beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðinn er á svari ráðuneytisins við óskum Norðurþings á sérreglum um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2011/2012, en drátturinn stafar af miklu annríki starfsmanna ráðuneytisins við önnur verkefni. Bæjarráð sér sér ekki annað fært en að samþykkja tillögur og ábendingar ráðuneytisins og leggur því til, miðað við framangreint, að byggðakvóta verði úthlutað sem fyrst.

Bergur Elías Ágústsson, bæjarstjóri, leggur fram eftirfarandi bókun:

Það þykir furðu sæta að aðili sem búsettur er utan sveitarfélagsins, með skráðan bát við eina af þremur höfnum sveitarfélagsins með heimilifesti fyrirtækisins í því byggðalagi, geti fengið úthlutað byggðakvóta samkvæmt regluverki ráðuneytisins. Sá aðili sem á lögheimili í sveitarfélaginu og greiðir sína skatta og skyldur til þess og er skráður með bát sinni í einni af höfnum sveitarfélagsins en fyrirtækið í öðru byggðalagi sveitarfélagsins, skuli samkvæmt reglugerð þessari ekki öðlast rétt til úthlutunar byggðakvóta. Íbúi sveitarfélagsins sem er skráður í sveitarfélaginu er því með minni rétt en sá sem er skráður með lögheimili utan þess.

Bæjarráð tekur undir bókun bæjarstjórans.

Víðingarfyllst f.h. Norðurþings,  
  
Guðbjartur Ellert Jónsson  
Fjármálastjóri og staðgengill bæjarstjóra